

ÁRBÓK

HINS ÍSLENZKA FORNLEIFAFÉLAGS

108. hefti

RITSTJÓRAR
BIRNA LÁRUSDÓTTIR
HILDUR GESTSDÓTTIR

RITNEFND
ÁGÚST ÓLAFUR GEORGSSON
GUÐMUNDUR STEFÁN SIGURÐARSON
MJÖLL SNÆSDÓTTIR



ÚTGEFANDI
HIÐ ÍSLENZKA FORNLEIFAFÉLAG
REYKJAVÍK 2019

EFNISYFIRLIT

5 Til lesenda

AF VETTVANGI

- 7 Guðrún Alda Gísladóttir og Mjöll Snæsdóttir: Jarðfundnir kambar á Íslandi frá landnámi til 1800
- 55 Gylfi Helgason, Alexandra Tyas og Ragnar Edvardsson: Fornleifarannsókn á 19. aldar hvalveiðistöðvum á Vestfjörðum
- 85 Ágústa Edwald Maxwell: Könnunarrannsókn á Vesturbúðarhól á Eyrarbakka
- 107 Hólmsfríður Sveinsdóttir: Ferðasaga mósaikflísa – Porfyrsteinar á Íslandi

ÞANKAR

- 151 Helgi Skúli Kjartansson: Upprifjun um náttúrunafnakenningu

MYNDIR

- 175 Uppáhaldsminjar og eftirminnilegir staðir

GREIN

- 187 Árni Hjartarson: Eldgjárgos og landnámsgjóska – Ártöl og tímasetningar

RITDÓMUR

- 199 Haki Antonsson og Guðrún Sveinbjarnardóttir: Ritdómur. Leitin að klaustrunum
- 213 Frá Fornleifafélaginu
- 215 Höfundar efnis

RITDÓMUR

HAKI ANTONSSON OG
GUÐRÚN SVEINBJARNARDÓTTIR

RITDÓMUR: LEITIN AÐ KLAUSTRUNUM


Steinunn Kristjánsdóttir. *Leitin að klaustrunum: Klausturhald á Íslandi í fimm aldir*. Reykjavík: Sögufélag og Þjóðminjasafn Íslands 2017, 600 bls.

Haki Antonsson:
Sagnfræðilegi þátturinn

Grunnhugmynd þessarar viðamiklu bókar – að kynna sögu íslenskra klaustra fyrir siðaskipti á aðgengilegan hátt – er áhugaverð og þörf. Kjarni verksins eru tíu kaflar þar sem gerð er grein fyrir fjórtán klaustrum. Hver frásögn hefst á því að höfundur skýrir frá vettvangskönnun og/eða uppgrefti ásamt öðrum fornleifaheimildum sem tengjast viðkomandi stað. Höfundur fyllir

síðan út í myndina með skriflegum heimildum sem einnig styðja almennar ályktanir og meginkenningar. Hér mun ég einkum beina sjónum að þremur þáttum sem lúta að hinum sagnfræðilega þætti bókarinnar. Þeir eru: staða verksins í sögulegu ljósi – þ.e. hvernig það kallast á við fyrri rannsóknir á íslenskri klaustursögu – skilningur og framsetning höfundar á hinu alþjóðlega miðaldasamhengi og meðferð höfundar á rituðum heimildum

Í kaflanum 'Klausturhald í íslenskri miðaldasögu' er útskýrt hvernig nálgun höfundar tengist fyrri rannsóknum á klaustrunum og þá sérstaklega við ráðandi söguskoðun þeim viðkomandi. Meginpunktur er að klaustrin muni ekki hafa notið sannmælis í íslenskri miðaldasagnfræði. Höfundur hrósar Árna Magnússyni, handritasafnara og fræðimanni, fyrir 'leit' hans



að klaustrunum sem fólst í söfnun hans á gripum og skjölum sem ‘minnir vissulega á okkar leit’ (bls. 43). Hins vegar er áréttað að Árni og aðrir höfundar hafi að mestu afmarkað sig við ritaðar heimildir. Því næst eru tiltekin tvö fræðileg verk, greinar Janusar Jónssonar ‘Um klaustrin á Íslandi’ (1887) og Magnúsar Jónssonar ‘Áhrif klaustranna á Íslandi’ (1914). Í langri grein birtir Janus æviskrá um formenn klaustranna og reifar þær heimildir sem til eru um þessa einstaklinga. Greinin er ekki almenn umfjöllun um stöðu og mikilvægi klaustranna í íslensku samfélagi. Því skýtur nokkuð skökku við að grein Magnúsar, sem út kom um aldarfjórðungi síðar, er kynnt sem ‘einskonar andsvar’ (bls. 43) við hina ágætu úttekt Janusar. Höfundur lætur að því liggja að Magnús Jónsson hafi lagt línurnar með sinni þjóðernislegu og lútersku túlkun á stöðu klaustranna í íslenskri sögu. Túlkun hans var síðan samkvæmt höfundi fylgt, með tilbrigðum þó, af áhrifamestu sagnfræðingum tuttugustu aldar, þ.á m. Birni Þorsteinsyni, Magnúsi Má Lárussyni og Magnúsi Stefánsyni.

Höfundur segir að Magnús Jónsson telji að ‘alþjóðleg gerð klausturlífs hafi hreinlega ekki átt við skapgerð Íslendinga’ og að hann hafi farið ‘háðulegum orðum’ um þau og skrifað um ‘andlegan dauða’ í þeim (bls. 43). Umfjöllun Magnúsar er vissulega lituð af þjóðernishyggju og trúarskoðunum hans. Kynning höfundar á grein hans er hins vegar nokkuð villandi. Magnús gerir ekki lítið úr hlutverki klaustranna í sögu Íslands. Þvert á móti undirstrikar hann mikilvægi þeirra á sviði bókmennta þrettándu og fjórtándu aldar og kirkjusögu Íslands almennt. Magnús er hins vegar á því að klaustrunum hafi hnignað á síðmiðöldum þegar þau urðu alþjóðlegri í eðli sínu í takt við kirkjuna almennt. Magnús á hér við *andlega og bókmenntalega* hnignun sem hefur ekki endilega með umfang klaustranna og aðra starfsemi að gera. Magnús viðurkennir því hin alþjóðlegu einkenni klaustranna á síðmiðöldum. Meginkenning bókarinnar *Leitin að klaustrunum* er einmitt að klaustrin hafi verið rekin með alþjóðlegum brag eftir að þau losnuðu undan valdi ráðandi ætta á ofanverðri þrettándu öld.

Hver áhrif grein séra Magnúsar Jónssonar hafði á síðari tíma fræðimenn er mér ekki ljóst. Hins vegar er hin nokkuð ágrípskennda umfjöllun höfundar á framlagi Björns Þorsteinssonar, Magnúsar Stefánssonar og Guðrúnar Ásu Grímsdóttur ekki allskostar sannfærandi. Sagt er að í rannsóknum sínum hafi Magnús Stefánsson lagt ‘ríka áherslu á að klausturhreyfingin hafi borist til Íslands með kristnivæðingunni úr páfagarði í Róm’ (bls. 47). Magnús fær prik fyrir þessa söguskoðun sem er reyndar svo móðukennd að ekki er alveg ljóst hvað átt er við. Magnús er hins vegar gagnrýndur fyrir

það að hafa ‘aldrei’ tengt klaustrin ‘við hringiðu staðamála’ (bls. 47). Ekki er útskýrt af hverju Magnús hefði átt að tengja klaustrin ‘við hringiðu staðamála’ umfram það sem hann gerir í *Sögu Íslands* II. Þar leggur hann áherslu á að klaustrin hafi verið *staðir* en hins vegar hafi höfðingjar ekki leitast eftir umráðum yfir þeim svo vitað sé. Þetta skýrir að mestu hvers vegna klaustrin eru ekki framarlega í frásögn Magnúsar Stefánssonar af staðamálum: deilur stóðu alls ekki um forræði yfir þeim. Hann minnst hins vegar á aðkomu ábóta og klausturbræðra þegar það á við. Magnús Stefánsson er spyrtur við þjóðernislega söguskoðun Magnúsar Jónssonar sem hafi meðvitað eða ómeðvitað látið klaustrin bera skarðan hlut frá borði. Þetta er hæpin túlkun. Magnús skrifar eftirfarandi í kafla sínum um klaustur í *Sögu Íslands* II: ‘Íslenzku klaustrin höfðu eins og aðrar stofnanir kirkjunnar á sér þjóðlegt yfirbragð, enda þótt munkar og nunnur lifðu eftir erlendum klausturreglum’ (bls. 85). Nútildags kann hugtakið ‘þjóðlegt’ að sýnast undarlegt í þessu samhengi en hér merkir það einfaldlega að klaustrin mótuðust af eðli íslensks samfélags, rétt eins og klaustur hvarvetna í hinni kaþólsku Evrópu samsömuðu sig umhverfi sínu. Þetta merkir engan vegin að íslensk klaustur hafi verið eitthvað síður ‘alþjóðleg’ (hvað sem þetta orð á að merkja í þessu samhengi) en önnur klaustur sem fylgdu reglu heilags Bendikts og heilags Ágústínusar.

Almennt setur höfundur viðfangsefnið í sögulegt samhengi sem ekki er að öllu leyti sannfærandi. Lykilhugmyndin hér er ‘útþensla Rómakirkju’ sem víða bregður fyrir í verkinu. Til dæmis í eftirfarandi setningu sem lýtur (að mér sýnist) að staðamálum fyrri og seinni: ‘Þegar ólíkir hagsmunir fara ekki saman kemur til árekstra. Það gerðist einmitt þegar valdboð og útþensla páfastóls mætti rótgrónum ættarveldum norður af Íslandi...’ (bls. 460). Ég skil illa hvað ‘útþensla’ merkir í þessu sambandi. Kristni var lögtekin hér á landi árið 999 eða 1000, skipan biskupsstóla var fullgerð snemma á tólftu öld og sóknaskipan nokkuð seinna. Fyrsta klaustrið var stofnað um 1130 og það síðasta 1493. Bein aðkoma páfadóms að þessari þróun var takmörkuð þó að sjálfsgöðu hafi hann slegið hinn hugmyndafræðilega tón, einkum hvað viðkemur kirkjulegu réttarfari. Einnig má segja að páfinn hafi óbeint komið sínum málum fram fyrir tilstilli erkibiskupsins í Þrándheimi (Niðarósi). Framsetning og orðalag hér og almennt í ritinu er hins vegar á þann veg að lesendur gætu ályktað að páfar tólftu og þrettándu aldar hafi sífellt persónulega haft auga með og gripið inn í málefni og kirkjuskipan Íslendinga.

Gegn ásókn páfa eiga að hafa staðið hin svokölluðu ‘ættarveldi’.

Árekstur þessara tveggja aðila er eitt meginþema eða þráður bókarinnar, a.m.k. hvað lýtur að tólftu og þrettánda öld. Þemað er stundum lesið inn í heimildir á lítt sannfærandi hátt. Hér tek ég sem dæmi umfjöllunina um Munkaþverárklostur. Samkvæmt höfundu var þetta stofnun af reglu Benedikts, stofnuð fyrir staðamálin fyrri (1155) og því meðan á 'útbenslu páfadóms á Íslandi' stóð og áður en 'ættarveldin' náðu völdum yfir slíkum stofnunum. Munkaþvera er svo í góðum málum þar til 'höfðingjar unnu fyrstu lotu staðamála sem miðast við það þegar Þorlákur helgi Skálholtsbiskup lést árið 1193' (bls. 132). Þar eftir 'fór að halla undan fæti hjá kirkjulegum stofnunum í landinu sem þurftu í auknum mæli að lúta reglum veraldlegs valds innanlands en ekki kirkjulegs' (*ibid.*). Samkvæmt þessu var hnignun Munkaþverárklosturs einkar skjót eftir dauða Einars ábóta Mássonar því eftir það hefur klosturhald ekki 'verið svipur hjá sjón miðað við það sem var á tímum Nikulásar og Björns; húsinn ónýtt og enginn ábóti' (bls. 133). Getið er til að þetta ástand hafi helgast af áhugaleysi biskupanna beggja til að halda áfram baráttu Þorláks helga. Það gerir hins vegar hinn nývígði Guðmundur Arason, en hann lætur verða eitt sitt fyrsta verk að senda Sigurð Ormsson, sem þá var staðarhaldari á Hólum, til Munkaþverárklosturs til að bæta ástandið.

Sem heimild fyrir Munkaþverárþætti þessum er vísað í *Íslenskt fornbréfasafn I*, bls. 355–356. Að ókönnuðu máli gæti lesandi ályktað að hér lægi að baki bréf eða máldagi. Svo er ekki. Vitnað er til skýringar á bréfi Þóris erkibiskups í Niðarósi til Arnórs Tumasonar sem líklegast var sent árið 1221. Ekki er sem sagt vísað til frumheimildar heldur í endursögn á kafla úr *Íslendinga sögu* Sturlungu sem sjálf er að sumu leyti túlkun söguritara. Út frá þessari endursögn dregur höfundur eftirfarandi ályktanir: Munkaþverárklostur var ábótalaust þegar Guðmundur rétti við hlut þess 1203/4 og svo hafði verið frá dauða síðasta ábóta, Einars Mássonar (eða Þórðarsonar) árið 1196. Brandur biskup hélt að sér höndum; hann vígði ekki nýjan ábóta og vanrækti klaustrið með fyrrgreindum afleiðingum. Haldið er fram að þetta hafi verið með ráðum gert til að koma höggi á klaustrið sem hálfri öld áður hafði verið stofnað með 'stuðningi alþjóðlega þenkjandi klerkastéttar innanlands' (bls. 314). Getið er til að Brandur hafi komið að stofnun Saurbæjarklosturs og þar með aðstoðað 'við að koma á fót nýju höfðingjareknu klaustri fyrir norðan á meðan Munkaþverárklostur reri lífróður í sama firði' (*ibid.*). Síðar í ritinu er minnst aftur á téðan 'lífróður' en nú bætt við að klaustrinu hafi verið 'lokað um tíma' (bls. 462).

Þessi túlkun er byggð á veikum grunni. Í fyrsta lagi er lítt sem bendir til

að ábótalaust hafi verið á Munkaþverá þessi átta ár. Í *Prestssögu* Guðmundar góða greinir Kolbeinn Tumason frá því að Þverarábóti hafi verið viðstaddur höfðingjamót þann 1. september 1201 þar sem Magnús Gissurason og Guðmundur Arason voru tilnefndir til Hólabiskups. Engin ástæða er til að rengja þessa heimild sem líklega á við Orm Skeggjason (sem var ábóti á Munkaþverá til 1212). Óljóst er hvers vegna Munkaþverárklostur þurfti aðhalds við um það leyti sem Guðmundur Arason tók við biskupsstóli en langsótt er að tengja þetta við afstöðu ‘ættarveldanna’ gagnvart eldri klosturum. Líklegra er að Guðmundur biskup hafi sent Sigurð Ormsson til klosturs til að minna munka á hver réði nú í Hólabiskupsdæmi og, eins og Magnús Stefánsson kemur að, til að losna a.m.k. tímabundið við staðarhaldarann á Hólum (*Saga Íslands* II, bls. 123). Þessi gjörð er reyndar forspæglun þess þema sem verður einkar áberandi á fjórtánda öld, það er að biskupar láti munka vita að þeim sé ekki fyllilega treystandi til að reka klosturinn sjálfir.

Inn í þessa kenningu um ‘alþjóðlegu klosturinn’ sem stofnuð voru fyrir staðamál fyrri og ‘klostur ættarveldanna’ sem risu eftir dauða Þorláks biskups er þettað bókagerð. Erfitt er að finna traustan grunn í kenningu höfundar á þessu sviði, a.m.k. eins og hún er kynnt til hér. Þingeyraklostur var samkvæmt kenningunni eitt af fjórum klosturum sem stofnuð voru í alþjóðlegum anda, þ.e. fyrir staðamál fyrri þegar klosturhald á Íslandi ‘var augljóslega í uppnámi’ (bls. 462). Þessu samkvæmt komst Þingeyraklostur (og Þykkvabæjarklostur) ‘aldrei beinlínis undir vald höfðingja og héldu þau svo til óáreitt áfram að starfa fyrir Rómarkirkju. Þau voru enn fremur meðal þeirra vopna sem páfi beitti fyrir sig í valdabaráttunni á Íslandi. Frá Þingeyraklostri komu alla tíð margir mikilsvirtir klerkar, sem síðar leiddu kirkjuvaldstefnuna í landslög, og frá Þingeyraklostri streymdu helgiritin’ (bls. 519).

Sem sagt Þingeyraklostur starfaði fyrir páfann með ritun helgisagna (hvernig svo sem þetta má skilja). Þessa fullyrðingu er erfitt að sætta við aðra fullyrðingu fyrir í ritinu, þ.e. að Þingeyramunkar hafi haldið ‘uppi fullri framleiðslu á áróðri meðan á staðamálum stóð og það á íslensku’ (bls. 462). Hér er ályktað að höfðingjar hafi ákveðið að halda starfsemi klostursins ‘óbreyttri áfram af því að þá gátu þeir fært sér í nyt bókmenntalega iðju munkanna þar til framleiðslu – í eigin þágu.’ Sagt er að Þingeyramunkar hafi kosið að rita á íslensku ‘líklega til þess eins að koma boðskap andstæðinga alþjóðlegrar kirkju til ólærðra manna innanlands’ (*ibid*).

Erfitt er að skilja hvað hér er átt við. Í fyrsta lagi er rétt að spyrja hvaða

áróðursrit á íslensku eru hér til umfjöllunar. Karl Jónsson ábóti skrifaði *Sverris sögu* á íslensku en það gerði hann að undirlagi konungs sjálfs og líklega að miklum hluta í Noregi. Ekki er vitað fyrir víst að Þingeyramunkarnir Gunnlaugur Leifsson og Oddur Snorrason hafi ritað annað en á latínu (ef undan er skilin *Merlínuspá* hins fyrrnefnda). Fyrr í ritinu segir að sögur sem gerast í Húnaþingi, svo sem *Grettis saga* og *Bandamanna saga*, hafi mögulega verið samdar á Þingeyrum (bls. 129). Ef slík eru ‘áróðursritin’ sem minnst er á þá væri fróðlegt að heyra hvernig þau kynnu að hafa nýst höfðingjum í meintu stríði þeirra við páfann.

Ein megin hugmynd bókarinnar er að klaustur á Íslandi hafi verið fjórtán og ekki færri. Fyrri fræðimenn virðast samkvæmt þessu ekki hafa áttað sig á réttum fjölda klaustra. Höfundur tekur sem dæmi útgáfu Miðaldastofnunar *Íslensk klausturmenning á miðöldum* (2016) þar sem bregður fyrir ‘gamalkunnri sýn á klaustrin’ þar sem þau eru sögð hafa verið ‘nú talsins en ekki 14 eins og þau urðu’ (bls. 54). Þetta er nokkuð villandi því Gunnar Harðarson segir í umræddu riti að nú varanleg klaustur hafi starfað til siðaskipta en önnur skemur (*Íslensk klausturmenning á miðöldum*, bls. 313).

Eitt klaustranna fjórtán er sagt vera Bæjarklaustur í Borgarfirði og er um það, eins og önnur klaustur, fjallað í sérstökum kafla. Hverjar eru heimildir fyrir tilvist þessa klausturs? Sagt er að ‘[s]kjöl bendi til að kirkjuhald hafi fyrst hafist í Bæ þegar klaustrið þar kom til sögunnar 30 árum eftir kristnitöku’ (bls. 69). Vitnað er í *Íslensk fornrit* I, bls. 483 og er líklegt að lesandi treysti því að hér sé vísað í ‘skjöl’ um Bæjarklaustur. Svo er ekki. Tilvísunin er til skýringar við máldaga Viðeyjarklausturs frá 1226 (ártal samkvæmt *Íslenzku fornbréfasafni*). Þar er stuttlega gerð grein fyrir klaustrum á Íslandi og tiltekið að fyrsta klaustur á landinu var stofnað að Bæ í Borgarfirði af Hróðólfi um 1030. Heimildin er eftirfarandi málsgrein: ‘En er Hróðólfr byskup fór brott ór Bæ, þar er hann hafði búit, þá váru þar eptir munkar þrír’ (*Íslensk fornrit* I: fyrri hluti, bls. 65). Höfundur getur þess hvergi að þessi frásögn *Landnámabókar* er eina ritaða heimildin sem mögulega gæti bent til klausturhalds í Bæ. Ekki er ólíklegt að *Landnámabók* geymi hér minningu um starf farandbiskupa sem komið hafi sér upp einhvers konar miðstöð klerklærðra sem sinntu trúboði og/eða kirkjuþjónustu fyrir nærliggjandi héruð. Höfundur segir: ‘Æði margt er á huldu um starfsemi Bæjarklausturs, nema það að áðurnefndur Rúðólfur hafi komið því á fót eftir fund sem hann átti með Liavizos, erkibiskupi Íslendinga í Brimum’ (bls. 76). Hér er látið að því liggja að einhver tengsl séu á milli þessa fundar og stofnunar

‘klostursins’. Ekkert slíkt samhengi er að finna í texta Adams frá Brimum sem er vísast heimild höfundar um fundinn.

Annað klaustur segir höfundur hafa verið að Keldum. Eins og í tilviki ‘Bæjarklausturs’ er engin rituð heimild um þessa stofnun. *Þorláks saga B* greinir frá því að Jón Loftsson hafi látið reisa ‘kirkju ok klaustrhús fyrir norðan læk at Keldum ok ætlaði sjálfir í at ganga, en öngvir urðu menn til ráðnir’ (*Íslensk fornrit XVI:2*, bls. 180). Þorlákur heyrir af þessum framkvæmdum og að Jón vilji helga klaustrið Jóhannesi skírara. Biskup dregur í efa að heilagur Jóhannes muni þiggja þessa vígslu í ljósi fyrri gjörða Jóns. Svo skipast að Jón tekur sótt stuttu eftir komu sína að Keldum. Líka er ritað að Sæmundur, sonur Jóns, hafi bætt hús og kirkju að Keldum. Að Sæmundi gengnum hafi synir hans rífið bæði húsin og skipt með sér föðurarfi. Inntak þessarar sögu er klárlega að Jóni Loftssyni var ekki auðið lífdaga til að stofna klaustur að Keldum. Jóhannes skírari er sérstaklega tengdur fyrirgefningu synda leikmanna (eins og höfundur réttilega minnst á) og því merkir þátturinn að Jóni Loftssyni hafi ekki veist tími til að bæta fyrir syndir sínar, a.m.k. ekki í þessu lífi. Það að húsin og kirkjan eru rifin niður er endanleg og táknræn staðfesting á þessum dómi. Jón sá þetta fyrir sjálfur þegar hann mælti sjúkur, ‘„Þar stendur þú kirkja mín. Þú harmar mik en ek þik.“ Þóttisk hann þá sjá at óvíst væri um uppreist hennar ef hann kallaði frá’ (*Íslensk fornrit XVI:2*, bls. 181). Höfundur les úr *Þorláks sögu B* að ‘klosturhús og kirkja hafi verið reist á staðnum, þó ekki fyrr en í tíð Sæmundar sonar Jóns’ og getur til að Jón Loftsson hafi einungis stofnað klostursellu að Keldum (bls. 305–306). Þessi skýring gengur næsta þvert á það sem heimildin segir, þ.e. að Jón hafi reist hús fyrir klosturhald sem aldrei varð af. Höfundur segir að Jón hafi stofnað klaustrið (en samt ekki reist hús?) rétt eftir dauða Þorláks biskups. Þá er spurning hvernig útskýra eigi að Þorlákur vissi, samkvæmt *Þorláks sögu B*, af framkvæmdum Jóns.

Hin heimildin sem höfundur tiltekur fyrir tilvist Keldnaklausturs er innsigli sem fannst á Keldum á ofanverðri nítjándu öld. SIG:SUEIONIS: PRI: PAL og á að vera ‘frá lokum 12. aldar’ (ekki er útskýrt hvernig þessi nákvæma aldursgreining er til komin). Í grein frá 1909 las Matthías Þórðarson eftirfarandi úr innsiglinu: ‘SIG (illum): SUEIONIS: PRI (oris): Pal (udensis), þ.e. ‘innsigli Sveins priors Pálssonar’. Í *Sögu Íslands II* benti Magnús Stefánsson á annan leshátt “SIG (illum): SUEIONIS: PR (esbyter): Pal (udensis), þ.e. ‘innsigli Sveins priors Pálssonar prests’ (*Saga Íslands II*, bls. 84). Ekki er minnst á þennan möguleika sem er óheppilegt þegar haft er í huga hversu augljóslega brýnt er að vega og meta hverja heimild þegar

úr svo litlu er að móða. Þess í stað segir höfundur einfaldlega að '[t]alið er hafið yfir allan vafa að Sveinn þessi hafi verið prior yfir Keldnaklaustri' (bls. 303).

Samkvæmt inngangskafli er tilvist klausturs að Keldum undirstaða einnar mikilvægustu uppgötvunar höfundar (bls. 39). Hér er átt við þá kenningu að hin svokallaða Valþjófsstaðarhurð hafi prýtt klaustrið og hún hafi síðan verið færð í Fljótsdal sem erfðagóss Randalínar, dóttur Filippusar Sæmundarsonar, en hún bjó á Valþjófsstað frá 1249 til æviloka. Útskurður hurðarinnar er, að sögn höfundar, táknrænn á þann hátt að úr henni má 'lesa baráttusögu Jóns sjálfs'. Hún minni á hvernig 'Jón bjargaði þjóðinni úr klóm dreka – páfastóls og alþjóðlegrar kirkju – og fylgdi hún honum allt til dauðadags' (bls. 308). Sæmundur á að hafa látið skera út hurðina til heiðurs föður sínum. Jón Loftsson er táknður sem konungurinn sem fellir drekann, þ.e. páfann, og er þetta undirstrikað með rúnaristunni sem er lesin 'Sjá inn ríka konung hér grafinn er vá dreka þenna.'

Hversu líkleg er þessi kenning? Að því er ég fæ best séð er ekkert sem styður hana og reyndar margt sem mælir á móti henni. Í fyrsta lagi eru ekki teknar til greina aðrar skýringar annarra fræðimanna, t.d. Richard L. Harris, á myndmáli hurðarinnar. Vísað er í að myndmálið endurspegli minni sem eigi rætur að rekja til þáttar úr verki Wolfdietrich (sem er jafnan tímasett til um 1230) eða hafi a.m.k. samsvörun við hann. Látum það liggja milli hluta. Annað lýtur að þeirri grundvallarhugmynd að drekinn tákni páfann. Ef við lesum myndina á táknrænan hátt þá verður að minnast á að í miðaldaritum merkja drekar alla jafna djöfulinn sjálfan. Víst er að lærðir Íslendingar um 1200 hafa vel þekkt slíka samsömun. Það gerði Marteinn Lúter reyndar einnig og notar hann þessa líkingu óspart í deilum sínum við páfadóms. Hins vegar væri einsdæmi ef þessari líkingu væri beitt af íslenskum höfðingja á þrettánda öld. Reyndar þekki ég ekki dæmi þess að páfa hafi verið líkt við djöful eða dreka á þessu tímabili, ekki einu sinni þegar deilur keisara og páfadóms stóðu sem hæst.

Ef sú kenning að Sæmundur Jónsson hafi ráðið um smíði og myndefni Valþjófsstaðarhurðarinnar á að vera sennileg þá er mikilvægt að rökin fyrir henni eigi sémilegan samhljóm í stjórnmálalegu og hugmyndafræðilegu samhengi samtímans. *Leitin að klaustrunum* undirstrikar mikilvægi Þorláks Þórhallssonar Skálholtsbiskups sem helsta útsendara og málsvara páfadóms í meintri baráttu hans við íslensku ættarveldin. Samkvæmt þessari kenningu markaði dauði Þorláks árið 1193 straumhvörf því þar eftir ná ættarveldin vopnum sínum og hafa tímabundið betur í hinni meintu baráttu um

klaustrin. Nú er svo að helgi Þorláks var viðurkennd af Skálholtsbiskupi árið 1198 við hátíðlega athöfn þar sem saman voru komnir sumir helstu höfðingjar landsins. Þar á meðal var Sæmundur Jónsson, og bróðir hans, Páll Jónsson biskup í Skálholti, hafði yfirumsjá með athöfninni. Hvernig kom til að helstu Oddaverjar studdu viðurkenningu á helgi þessa meinta óvinnar ættarveldanna og útsendara páfagarðs?

Þessari spurningu er hægt að svara með tilgátum. Brýnna er hins vegar að draga í efa að íslensk höfðingjastétt hafi skipast í skýrar fylkingar er varðaði hugmyndafræðilegan ágreining um almenna kirkjuskipan. Hér tókust á mörg öfl: hagsmunabaráttu og íhaldssemi landeigendastéttar, aðkoma erkibiskups í Þrándheimi og síðar Noregskonungs ásamt persónulegri óvild eða vináttu viðkomandi aðila. Vel má tengja ríkjandi hugmyndafræði páfadóms á tólftu og þrettándu öld við baráttu íslenskra biskupa fyrir að ná valdi yfir kirkjum og verja vígða gegn veraldlegum lögum. Hins vegar þykir mér ósannfærandi að kynna málið svo að höfðingjar, sem reyndar voru margir sjálfir vígðir, og sumir kirkjunnar menn hafi verið á móti 'alþjóðlegri kirkju' eða jafnvel, eins og túlkun höfundar á Valþjófsstaðarhurðinni gefur eindregið í skyn, fjandsamlegir páfavaldi.

Brandur Sæmundarson Hólabiskup er kynntur til sögunnar, ásamt Skálholtsbiskupum Páli Jónssyni og Magnúsi Gissurasynti, sem einn af þeim biskupum sem notfærði 'sér vald sitt til að vinna gegn afskiptum alþjóðlegrar kirkju af andlegum málefnum innanlands' (bls. 459). Samt var Brandur greinilega helsti hvatamaður þess að helgi Þorláks væri viðurkennd og Magnús Gissurarson hafði forgöngu um að innleiða samþykktir fjórða Lateran kirkjuþingsins sem haldið var 1215. Ein tilskipan þess var að allir skyldu ganga til skrifta minnst einu sinni á ári. Ekki getur þessi gjörð biskups talist til andstöðu við afskipti páfans af 'andlegum málefnum innanlands'.

Í vígslumáldaga Viðeyjarklausturs frá 1226 tiltekur Magnús Gissurarson að klaustrinu eigi að fullu að vera stýrt af ábóta og skuli Skálholtsbiskup hafa yfirumsjón. Skrifað er að þeir sem gefi til staðarins og erfingjar þeirra eigi ekkert tilkall til hans. Er mögulega 'kirkjuvaldsstefna' hér á ferð eða a.m.k. viðleitni til að losa klaustur undan afskiptum 'ættarveldanna' eftir stofnun þeirra? Í umfjöllun höfundar um stofnun Viðeyjarklausturs er ekkert minnst á þessa tilskipan biskups. Kannski vegna þess að hún rímar ankannalega við kenningu höfundar um að klaustrið hafi verið sett á laggirnar í valdabrölti Snorra Sturlusonar og Þorvalds Gissurarsonar, bróður biskups, og það hafi verið slælega rekið og reglubræður fylgt einhverjum óhefðbundnum siðum.

Allt á þetta að hafa breyst til betri vegar á þrettánda öld þegar páfinn náði yferráðum yfir Viðeyjarklaustri með skipan norskra biskupa á Íslandi 'og breytti því í stofnun sem rekin var samkvæmt ströngustu reglum páfagarðs' (bls. 329). Ég veit ekki hvaða heimildir eða rök styðja þessa niðurstöðu.

Það ætti að vera ljóst að meginkenning höfundar um 'ættarveldisklaustur' og 'alþjóðleg klaustur' byggir í grunninn á gamalli og, einhver myndi segja, úr sér genginni söguskoðun sem í grunninn byggist á grunni þjóðernislegrar túlkunar á skarpri andstöðu milli innlendra veraldlegra afla og framandi alþjóðlegrar kaþólskrar kirkju. Munurinn er að höfundur lítur á meintan sigur kirkjunnar sem 'gott mál' en ekki slæmt eins og t.d. Magnús Jónsson gerði (a.m.k. að einhverju leyti). Þetta ber að hafa í huga þegar höfundur segir samtímafræðimenn aðhyllast gamaldags hugmyndir um íslensku klaustrin. Helstu brotalamir bókarinnar hvað varðar sagnfræðileg vinnubrögð og skilning endurspeglast vel í tilvísun til Jóns Loftssonar í deilum hans við Þorlák helga. Hann 'á að hafa sagt' að 'hvorki páfi né hans kardináli myndi vita betur né vilja en hinir fornu Íslendingar sem unnu þjóðfrelsi sínu og höfðu bæði vilja og góða greind á að gæta þess' (bls. 305). Þetta eru ekki orð Jóns Loftssonar. Hugtökin 'þjóðfrelsi' og 'hinir fornu Íslendingar' ættu ein sér að vekja grun um að hér sé pottur brotinn. Vísað er til *Íslenzks fornbréfasafns* en þar setur Jón Sigurðsson sig í spor nafna síns og ímyndar sér hvað hann hefði sagt andspænis útsendara erlends valds. 'Heyra má ek erkibyskups boðskap, en ráðinn em ek í at halda hann at öngu, ok eigi hygg ek at hann vili betr né viti en mínir forellrar' (Þorláks saga B, 167). Á þessum tveimur tilsvörum er nokkur munur.

Guðrún Sveinbjarnardóttir: Fornleifafræðilegi þátturinn

Þetta er mikil bók að vöxtum og verkefnið sem hún fjallar um er mjög metnaðarfullt. Í hana er miklu efni safnað saman um klausturhald á Íslandi á því tæpa 500 ára tímabili sem það varaði. Steinunn hefur fengið til liðs við sig fjölda aðstoðarmanna sem hjálpuðu henni að safna miklu magni af upplýsingum, ekki síst úr ritheimildum. Hér á undan hefur verið fjallað um ritheimildir og rýni á þeim en nú verður sjónum beint að nokkrum atriðum sem varða fornleifarannsóknirnar sem gerðar voru.

Dó að markmið klausturverkefnisins hafi verið fjölmörg, var „markmiðið þó framar öðru að leita nýrra heimilda um þau í jörðu, staðsetja rústir þeirra“ (bls. 31). Þetta átti að gera með því að beita jarðsjármælingum af ýmsum gerðum, eða viðnáms-, segul- og radarmæli, og grafa könnunar-skurði á líklegum stöðum til þess að freista þess að finna efni sem mætti

aldursgreina – annars vegar eldfjallaösku, hins vegar lífræn efni sem nýta mætti til kolefnisaldursgreiningar til þess að gjóskustaðfesta að rústir sem tilheyrðu klaustrunum væru fundnar, en starfstímabil þeirra allra eru þekkt af ritheimildum. Aðeins eitt klaustur hefur verið grafið upp í heild sinni á Íslandi (Skriðuklaustur). Það var því tilhlökkunarefni að sjá hvort beita mætti þessum aðferðum til að varpa frekara ljósi á það hvort skipulag húsa á öðrum klausturstöðum hafi verið svipað og á Skriðuklaustri, eins og höfundur vill meina. Á þetta reynir hins vegar lítið í bókinni. Það má vera að ástæðan sé sú að ekki hafi tekist að fá heildarmyndir með þessari tækni á flestum staðanna. Sem dæmi má nefna mynd 49 (bls. 157). Þar er birt tilgáta höfundar sem sýnir Munkaþverárklaustur. Hún er þó ekki byggð á jarðsjármælingum á staðnum heldur á lýsingum í úttekum sem eru heimfærðar upp á niðurstöður uppgraftarins á Skriðuklaustri. Hörður Ágústsson studdist einnig við ritheimildir um þessi hús en komst að annarri niðurstöðu (sjá *Saga Íslands IV*, bls. 293-5). Við erum því engu nær um sannleikann í því máli. Aðeins eru birtar niðurstöður jarðsjármælinga frá tveimur stöðum. Annars vegar frá Þykkvabæjarklaustri (bls. 211) þar sem útlínur byggingaleifa gæti svipað til þeirra sem fundust á Skriðuklaustri. Í prufuskurði sem gerður var í þessar minjar komu í ljós torfveggir með gjóskulögum, en greining á aldri þeirra gat bent til þess að rústirnar tilheyrðu klausturtímanum. Þessi lög eru sýnd á mynd 71 (bls. 216), en því miður án nokkurra skýringa. Betur tekst til með snið sem sýnt er á mynd 50 (bls. 159) þar sem ákveðin gjóskulög eru skilgreind. Hinn staðurinn þar sem niðurstöður jarðsjármælinga eru birtar er Möðruvallaklaustur (bls. 391), en þar er myndin bæði í mjög smáum skala, óskýr og án nokkurra skýringa, og því algerlega gagnslaus.

Tekið er fram snemma í bókinni (á bls. 36) að hún gegni ekki hlutverki uppgraftarskýrslna og vísað í slóð þar sem finna megi slíkar skýrslur. Við lestur bókarinnar er hins vegar tafsamt að þurfa sífellt að leita á þessari slóð að mismunandi upplýsingum um aldur og umfang minjanna sem voru kannaðar, upplýsingar sem þeir sem hafa áhuga á fornleifafræði vilja hafa greiðan aðgang að, sérstaklega þar sem fyrir kom að slóðir sem gefnar eru síðar reyndust ekki vera réttar.

Annað sem torveldar lesturinn er að koma heim og saman loftmyndunum sem birtar eru af hverjum ætluðum klausturstað án þess að sagt sé á þeim hver áttahorfin eru, og umfjöllun um ætlaðar klausturminjar í texta þar sem stuðst er við áttatílvísanir. Skýrara hefði verið að setja áttir á loftmyndirnar eða að hafa staðsetningarkort þar sem áttir eru þekktar.

Myndaval er frekar einkennilegt. Í stað ýmissa mynda sem eru ekki upplýsandi (t.d. myndir 36, 70, 135 og ansi margar af fólki með jarðsjá) hefði verið til bóta að hafa myndir sem sýndu minjarnar sem verið var að leita að, svo sem niðurstöður jarðsjármælinganna og skýringar á þeim, sniðteikningar og uppdrætti og túlkun á þeim minjum sem grafnar voru upp. Á Þingeyrum er vitnað í jarðsjármælingar sem ýmsir aðrir aðilar gerðu á ætlaðri kirkjurúst (bls. 104 og 106), m.a. í grein Coolen og Mehler 2015 þar sem eru góðar myndir með skýringum á þessum mælingum. Þær hefðu mátt fylgja með hér. Það er reyndar spurning af hverju þurfti að jarðsjármæla sömu svæði aftur fyrir þessa rannsókn. Skýring er ekki gefin á því. Slóðin með heimildinni sem vitnað er til fyrir þessar seinni mælingar (Graham 2014) reyndist ekki vísa á rétta skýrslu. Niðurstöður rannsókna á Þingeyrum eru spennandi. Það hefði því verið mikill akkur í myndefni af niðurstöðum jarðsjármælinganna og t.d. sniðteikningu sem sýnir gjóskulögin (landnámslag, Katla 1000, Hekla 1104) sem talið er að sé að finna í torfvegg ætlaðrar klausturkirkju.

Á myndum 38 og 138 (bls. 123 og 422) eru teikningar sem Daniel Bruun gerði, annars vegar á Þingeyrum og hins vegar á Skriðuklaustri í kringum aldamótin 1900. Bruun var danskur höfuðsmaður sem ferðaðist um Ísland í fjöldamörg sumur í kringum aldamótin 1900. Hann hafði sérstakan áhuga á húsagerð og mældi m.a. upp rústir á fjölda minjastaða. Uppdrættirnir hafa oft reynst vera nákvæmir og komið að góðum notum við síðari rannsóknir á þessum stöðum. Það hefði því verið áhugavert að sjá hvað Bruun sá og skráði um minjarnar á Þingeyrum og Skriðuklaustri. Myndirnar í bókinni eru hins vegar í svo smáum skala og svo óskýrar að þess gefst ekki kostur. Sama má segja um teikningu Runólfs M. Ólsen af húsaskípan á Þingeyrum um miðja 19. öld sem er á mynd 35 (bls. 110). Hún hefur sjálfsagt komið rannsakendum að góðum notum, en fyrir lesendur bókarinnar er hún gagnslítill.

Þar sem jarðsjármælingar voru aðal aðferðin við að staðsetja rústir klaustranna í jörðu kom á óvart að ekki var fjallað sérstaklega um það hvernig þessi tækni reyndist. Mismunandi tæki voru notuð. Reyndist ein aðferð betur en önnur við þær aðstæður sem voru fyrir hendi? Einnig hefði mátt bera niðurstöður mælinganna saman við fornleifarnar sem komu í ljós. Rannsakendur telja líklegt að frost hafi haft áhrif á mælingar með viðnáms- og segulmælum (Hítardalur, bls. 33, Þingeyrar bls. 95). Þetta hefði þurft að ræða frekar og sannreyna með því t.d. að fara aftur á öðrum árstíma og mæla. Hvorutveggja hefði verið gagnlegt fyrir framtíðarrannsóknir með

Þessari tækni, sem byrjað var að beita í þessum tilgangi seint á síðustu öld. Með tilkomu þessa verkefnis sem byggði svo mikið á henni hefði verið við hæfi að líta um öxl og meta árangurinn í heild sinni.

Þegar kemur að umfjöllun um Reynistaðarklaustur (bls. 357) er greint frá ágreiningi við Minjastofnun um þann skaða sem orðið geti á fornminjum af því að grafa mikinn fjölda smáskurða. Höfundur bókarinnar er sammála þessu sjónarmiði Minjastofnunar en grefur samt fimm skurði þar sem áður höfðu verið grafnir margir skurðir. Spurning er hvort ekki hefði mátt endurnýta einhverja af fyrri skurðum til þess að ná í sýni til aldursgreininga, en sá var tilgangurinn með þessum skurðunum. Hér, eins og víðar, reyndist erfiðleikum bundið að fá upp rétta skýrslu á slóðinni sem vísað var í fyrir aldursgreiningarnar, og tilvísanir í fyrri rannsóknir á staðnum eru í skýrslur sem ekki er auðvelt að nálgast. Gagnlegt hefði verið að birta mynd af niðurstöðum jarðsjármælinga og fjalla mun ítarlegar og betur um þær minjar sem fundust.

Bagaleg mistúlkun kemur fram í myndatexta við mynd 66 (bls. 204) en þar er gefið í skyn að hún sýni heilaga Veróníku. Þó að myndin sé óskýr er augljóst að svo er ekki, enda staðfestir Guðbjörg Kristjánsdóttir listfræðingur í pistli á heimasíðu Árnastofnunar (undir Gagn og gaman, Pistlar, Handritapistlar, Veróníku bæn og Kristur á tignarstól) að myndin sýni Krist í tignarsæti.

Um tvo þeirra staða sem fjallað er um í bókinni eru litlar heimildir til um það að þar hafi nokkurn tíma verið klaustur. Annar þeirra er Bær í Borgarfirði, en hér að framan hefur verið sýnt fram á það að þær heimildir sem nefndar eru í bókinni um klaustur þar séu vægast sagt vafasamar. Af þeim vafasömu heimildum er klaustrinu síðan fundinn staður sem byggist á mjög veikum grunni. Í fimm ára gömlum uppmokstri vegna framkvæmda við nýju kirkjuna í Bæ, sem gröfumaður er sagður hafa flokkað eftir dýpt, fannst í þeim hluta sem hann sagði vera úr dýpstu lögunum steinn (bls. 71) sem í er skorinn kross. Lag krossins er talið vera fornt að sjá, en engin leið er að tímasetja svona krossa án þess að hafa þá í einhverju samhengi. Aðrar minjar fundust að sögn á sama dýpi en þær virðast ekki hafa verið rannsakaðar. Samkvæmt þjóðminjalögum hefði átt að kalla til fornleifafræðinga þegar þessar minjar komu í ljós árið 2008. Ekki er að sjá að það hafi verið gert. Engin heildarmynd fékkst af þessum minjum og engar aldursgreiningar eru nefndar. Það samræmist ekki fornleifafræðilegum aðferðum að nota minjar af þessu tagi sem sönnun fyrir því að þarna hafi verið klaustur. Til frekari staðfestingar þess að klaustur hafi verið á staðnum er bent á

kirkjuklukku af fornri gerð sem er geymd á staðnum. Vitað er að kirkja var í Bæ frá fornri tíð. Kirkjuklukka og steinn með krossi koma því ekki á óvart, en þetta hvoru tveggja sannar ekki tilvist klausturs á staðnum.

Hinn staðurinn er Keldur á Rangárvöllum þar sem mikill vafi leikur á að nokkurn tíma hafi verið klaustur. Þar fundust heldur engar minjar í jörðu um slíkt í þessari rannsókn (bls. 299) og tilraunir til að sýna fram á það eru vafasamar vangaveltur eins og bent er á hér framar.

Þessi lesandi varð fyrir vonbrigðum með framsetningu á niðurstöðum fornleifarannsóknarþáttar bókarinnar. Þó að ritstíllinn og efnistöð bendi til þess að hún sé ætluð hinum almenna lesanda frekar en fræðimanninum (þó reyndar með fræðilegum tilvísunum), má alveg gera kröfu til þess að helstu niðurstöður t.d. aldursgreiningar séu aðgengilegar, t.d. í einföldum töflum, annað hvort í viðauka eða neðanmáli. Á þetta ekki síst við þar sem tilvísunum í þessar niðurstöður er jafn ábótavant og fyrir segir. Bókin mun vafalaust nýtast sem handbók þegar farið verður út í frekari fornleifarannsóknir á hverjum stað fyrir sig. Slíkar rannsóknir eru nú þegar hafnar á Þingeyrum. Niðurstaðna þaðan er beðið með mikilli eftirvæntingu.